



Ársskýrsla  
2020



# Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns 3

Lykilstærðir LSR 6

Ávöxtun og hrein eign 8

Eignir og markaðir 13

Eignasafn 14

Fjárfestingar ársins 15

Innlend hlutabréf 16

Erlend hlutabréf 17

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu 19

Skuldabréf 20

Útlán til sjóðfélaga 22

A-deild 24

Lykilstærðir 25

Um A-deild 26

Verðbréf 27

Iðgjöld 28

Lífeyrir 29

Skuldbindingar 31

B-deild 33

Lykilstærðir 34

Um B-deild 35

Verðbréf 36

Iðgjöld 37

Lífeyrir 38

Skuldbindingar 41

Séreign 47

Lykilstærðir 48

Um Séreign 49

Verðbréf og ávöxtun 50

Iðgjöld og lífeyrir 54

Starfsemi 57

Starfsfólk 58

Stjórn 61

Stjórnarháttayfirlýsing 62

Starfskjarastefna 63

Áhættustefna 64

Fjárfestingarstefna 65

Hluthafastefna 66

Stefna um ábyrgar fjárfestingar 68

Ársreikningar 70

A-deild 70

B-deild 70

Séreign 70

Annual Report 71

Overview 72

The annual account 73

## Ávarp stjórnarformanns

Árið 2020 mun seint líða okkur úr minni enda vorum við fæst undir það búin við upphaf þess að heimsfaraldur myndi gjörbreyta bæði einkalífi okkar og starfsháttum. Óhætt er að segja að margar þeirra áskorana sem LSR stóð frammi fyrir á árinu hafi verið einstakar í ríflega 100 ára sögu sjóðsins.

Aldrei áður hefur sjóðurinn til dæmis þurft að senda stærstan hluta starfsfólks síns heim svo mánuðum skipti en halda engu að síður áfram fullri starfsemi og þjónustu við sjóðfélaga. Um leið dróst hagvöxtur saman um 6,6%, sem er næstmesti hagvaxtarsamdráttur Íslands-sögunnar frá lokum seinna stríðs, auk þess sem atvinnuleysi jókst hröðum skrefum á árinu.

**„Á umbrotatímum eins og þessum er mikilvægt að lykilstofnanir þjóðfélagsins standi ekki bara af sér áföllin heldur taki virkan þátt í að halda samfélaginu gangandi.“**

Það er því ánægjulegt að þrátt fyrir þessar einstöku og krefjandi aðstæður var árið 2020 afar gott rekstrarár fyrir LSR. Hrein raunávöxtun sjóðsins var 10,9% sem er nálægt því að vera tvöfalt meira en meðalávöxtun bæði síðustu fimm og tíu ára. Eignir sjóðsins við árslok voru um 1.168 ma.kr. sem er um 19% af heildareignum íslenskra lífeyrissjóða og rétt um 40% af vergri landsframleiðslu Íslands á árinu 2020.

Á umbrotatímum eins og þessum er mikilvægt að lykilstofnanir þjóðfélagsins standi ekki bara af sér áföllin heldur taki virkan þátt í að halda samfélaginu gangandi. Óhætt er að segja að þar hafi LSR sinnt sínu hlutverki af stakri þryði. Á síðasta ári greiddi sjóðurinn lífeyri til að meðaltali 27.093 einstaklinga – alls 68,7 ma.kr. á árinu – og það segir sig sjálft að slíkar greiðslur skipta verulegu máli fyrir þjóðarbúið þegar hagvöxtur snarminnkar. LSR sýndi þar með og sannaði – ásamt öðrum lífeyrissjóðum landsins – að lífeyriskerfið skiptir ekki einungis sköpum fyrir hvern og einn sjóðfélaga að lokinni starfsævi eða þegar önnur áföll dynja yfir heldur eru lífeyrissjóðirnir öryggisnet þjóðarinnar allrar þegar harðnar í ári.

Eitt af því sem heimsfaraldurinn sýndi okkur fram á er að stafrænar lausnir verða sífellt mikilvægari, hvort sem það er í þjónustu við sjóðfélaga eða við daglegan rekstur sjóðsins. LSR markaði sér þá stefnu fyrir fjórum árum að stafvæða alla ferla sjóðsins sem snúa að sjóðfélögum og hófst verkefnið strax árið 2017. Á síðasta ári voru flest eyðublöð orðin rafræn gagnvart sjóðfélögum og skipti það gríðarlegu máli þegar loka þurfti sjóðnum og fólk fór að vinna að heiman. Á síðasta ári réðst LSR jafnframt í yfirgripsmikið stefnumótunarverkefni þar sem kom skýrt fram að leggja ætti enn meiri áherslu á þróun stafrænna lausna í allri starfsemi sjóðsins. Sú vinna er nú hafin og verður spennandi að fylgjast með afrakstri hennar á komandi misserum.

Nú þegar bólusetningar eru að komast á gott skrið hljóta vonir okkar að standa til þess að COVID-19-heimsfaraldurinn muni einungis valda skammtímavanda sem heimsbyggðin geti unnið sig í gegnum á tiltölulega skömmum tíma. En það leiðir hugann að öðru viðfangsefni sem við munum svo sannarlega glíma við næstu áratugina – loftslags- og umhverfismálin. Lífeyrissjóðir eiga ekki að láta sitt eftir liggja á þeim vettvangi enda gengur starfsemi þeirra beinlínis út á að vinna að hagsmunum sjóðfélaga áratugi fram í tímann. Með það fyrir augum vinnur LSR eftir stefnu um ábyrgar fjárfestingar og geri ég ráð fyrir að sú áhersla í starfseminni muni aukast enn frekar á næstu misserum.

Á fjárfestingarhliðinni felast áskoranirnar þó í fleiru en að finna sjálfbæra fjárfestingarkosti. Núverandi lágvaxtaumhverfi hefur leitt til þess að ríkisskuldabréf og aðrar fjárfestingar sem talist hafa öruggar síðustu áratugina duga skammt til að standa við tryggingafræðilega viðmiðið um 3,5% raunávöxtun lífeyrissjóða. Því hefur vægi þeirra minnkað jafnt og þétt síðustu ár á meðan áhættumeiri fjárfestingar aukast.

Við slíkar aðstæður skiptir miklu að hafa úr sem fjölbreyttustum fjárfestingarkostum að velja svo hægt sé að dreifa áhættunni eins og best verður á kosið. Lífeyrissjóðirnir hafa með myndarlegum hætti tekið þátt í fjármögnun íslensks atvinnulífs í gegnum tíðina og munu halda því áfram. En nú, þegar sameiginleg eign þeirra er orðin meira en tvöföld ársframleiðsla Íslands, er alveg ljóst að

***„En það leiðir hugann að öðru viðfangsefni sem við munum svo sannarlega glíma við næstu áratugina – loftslags- og umhverfismálin. Lífeyrissjóðir eiga ekki að láta sitt eftir liggja á þeim vettvangi enda gengur starfsemi þeirra beinlínis út á að vinna að hagsmunum sjóðfélaga áratugi fram í tímann“***



rýmka verður svigrúm lífeyrissjóðanna til að fjárfesta erlendis. Flestir sjóðirnir eru nú komnir langt með að fullnýta hámarksviðmiðið um að erlendar fjárfestingar megi ekki fara umfram 50% eigna sjóðanna og þá geta góð ráð verið dýr, í orðsins fyllstu merkingu. Þótt íslenskt atvinnulíf bjóði upp á marga góða kosti er fjárfestingarþörf lífeyrissjóðanna einfaldlega orðin það mikil að fjárfestingar innanlands duga ekki til að dreifa áhættu fyrir sjóðina.

Hjá LSR skiptir þetta sérstaklega miklu máli fyrir A-deildina, sem er enn í örum vexti og fyrirsjáanlegt að inngreiðslur verði mun meiri en útgreiðslur næstu árin. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að hægt sé að ávaxta eignir sjóðsins til langs tíma erlendis.

Það er ekki hægt að ljúka yfirferð yfir árið án þess að nefna frábæra frammistöðu starfsfólks LSR við að halda starfsemi gangandi við einkar krefjandi aðstæður. Starfsfólkið hefur tekist á við hverja áskorun með bros á vör, fundið lausnir við hverjum vanda og séð til þess að sjóðurinn sinni öllum sínum skyldum og verkefnum. Ég vil nota tækifærið og þakka starfsfólki sérstaklega fyrir þeirra framlag, auk þess sem ég þakka öllum þeim sem tóku með öðrum hætti þátt í starfsemi sjóðsins, sjóðfélögum og launagreiðendum, samfylgdina á árinu.

**Árni Stefán Jónsson, formaður stjórnar**






# Lykilstærðir

## LSR


Lykiltölur	2020	2019
Nafnávöxtun	14,9%	16,6%
Hrein raunávöxtun	10,9%	13,4%
Rekstrarkostn. í hlutf. af meðalstöðu eigna	0,13%	0,14%
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.167.886	1.017.521
Lífeyrir	68.692	62.919
Iðgjöld	38.616	35.725
Veitt lán	27.977	35.379
Fjöldi veittra lána	1.494	1.802
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	32.837	32.128
Meðalfjöldi lífeyrisþega	27.093	25.472

Fjárhæðir í töflu eru í m.kr.


### Hrein raunávöxtun




### Hrein eign til greiðslu lífeyris (ma.kr.)



### Verðbréfaeign 2020



### Lífeyrisgreiðslur (ma.kr.)




# Samtryggingardeildir


## A-deild

A-deild var stofnuð í ársbyrjun 1997 og tekur á móti nýjum sjóðfélögum að uppfylltum aðildarskilyrðum.

Hrein eign til greiðslu lífeyris A-deild  
(ma.kr.)




Breyting á hreinni eign á árinu 2020  
(ma.kr.)




## B-deild

B-deild er eldra réttindakerfi sjóðsins. B-deildinni var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á sama tíma og A-deildin tók til starfa. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga sameinaðist B-deild þann 1. janúar 2018.

Hrein eign til greiðslu lífeyris B-deild  
(ma.kr.)



Breyting á hreinni eign á árinu 2020  
(ma.kr.)





# Ávöxtun og hrein eign





Nafnávöxtun LSR á árinu 2020 var 14,9% sem samsvarar 11% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var 10,9% samanborið við 13,4% árið 2019. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu fimm árin er 6,4% og meðaltal síðustu tíu ára er 6,5%. Ávöxtun einstakra deilda LSR má sjá í töflunum hér fyrir neðan. Ávöxtun er reiknuð samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða.


Ávöxtun ársins

	A-deild	B-deild	LSR
Nafnávöxtun	14,6%	16,1%	14,9%
Hrein raunávöxtun	10,6%	12,0%	10,9%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm ára	6,4%	6,8%	6,4%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu tíu ára	6,2%	6,9%	6,5%


Ávöxtun ársins

	Séreign Leið I	Séreign Leið II	Séreign Leið III
Nafnávöxtun	17,3%	12,1%	4,2%
Hrein raunávöxtun	13,3%	8,3%	0,6%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm ára	7,0%	5,4%	1,7%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu tíu ára	6,3%	5,4%	1,9%

Hrein raunávöxtun




Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar





Hrein eign LSR til greiðslu lífeyris var 1.167,9 ma.kr. í árslok 2020 og hækkaði um 150,4 ma.kr. á milli ára sem er 14,8% hækkun. Hreinar fjárfestingartekjur sjóðsins (fjárfestingartekjur að frádregnum fjárfestingargjöldum) voru 151,7 ma.kr. á síðasta ári en voru 144,8 ma.kr. árið áður. Miklar sveiflur hafa verið á verðbréfamörkuðum undanfarin tíu ár og hefur ávöxtun verið í samræmi við það eins og sést á meðfylgjandi súluriti.

### Hreinar fjárfestingartekjur (ma.kr.)



### Hreinar fjárfestingartekjur


(m.kr.)

	2020	2019	Breyting
A-deild	108.392	99.562	8,9%
B-deild	41.223	43.077	-4,3%
Séreign	2.134	2.183	-2,2%
<b>Samtals</b>	<b>151.749</b>	<b>144.821</b>	<b>4,8%</b>



Frá upphafi árs 2011 til ársloka 2020 hefur samanlögð hrein eign til greiðslu lífeyris aukist úr 350,1 ma.kr. í 1.167,9 ma.kr. Aukningin nemur 817,8 mö.kr. á tímabilinu sem jafngildir því að árleg meðalaukning eigna hafi verið 12,1%. Af aukningu eigna voru fjárfestingartekjur 78,3% eða 640,3 ma.kr. Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar og uppgjör skuldbindinga ásamt greiðslu lífeyrisauka námu 202 ma.kr. á tímabilinu. Hins vegar voru lífeyrisgreiðslur og kostnaður 24,5 ma.kr. umfram iðgjöld ásamt lífeyrishækkunum.

### Hrein eign til greiðslu lífeyris (ma.kr.)



### Hrein eign til greiðslu lífeyris (m.kr.)

	2020	2019	Breyting
A-deild	861.771	729.491	18,1%
B-deild	284.037	268.540	5,8%
Séreign	22.077	19.490	13,3%
<b>Samtals</b>	<b>1.167.886</b>	<b>1.017.521</b>	<b>14,8%</b>



### Greining á hækkun eigna 2011-2020

	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals	Hlutfall
Hreinar fjárfestingartekjur	402.670	227.489	10.122	640.281	78,3%
Iðgjöld, lífeyrishækkunar, lífeyrisgreiðslur og rekstrarkostnaður	187.361	(215.213)	3.338	(24.514)	-3,0%
Greiðslur ríkissjóðs inn á skuldbindingar og uppgjör skuldbindinga	10.418	58.169	0	68.587	8,4%
Greiðslur vegna lífeyrisauka	106.812	0	0	106.812	13,1%
Sameining Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga við B-deild	0	26.614	0	26.614	3,3%
<b>Samtals hækkun eigna síðastliðin tíu ár</b>	<b>707.261</b>	<b>97.058</b>	<b>13.460</b>	<b>817.779</b>	<b>100,0%</b>

Inn- og útflæði einstakra deilda sjóðsins hefur verið afar ólíkt undanfarin tíu ár og þar af leiðandi hefur þróun eigna verið það einnig. Eignir A-deildar hafa til dæmis aukist um 707,3 ma.kr. á tímabilinu á meðan aukning á eignum B-deildar nemur 97,1 ma.kr. Eignir Séreignar hafa aukist um 13,5 ma.kr. eða 156,2% á síðustu tíu árum.



# Eignir og markaðir






## Eignasafn

Í árslok 2020 stóð eignasafn LSR í 1.167 mö.kr. Það er aukning um 150 ma.kr. frá fyrra ári. Eignasafn sjóðsins í árslok skiptist þannig að eign í skuldabréfum var 514 ma.kr., eign í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum var 597 ma.kr. og innlán námu 56 mö.kr.

Á árinu 2020 jukust eignir A-deildar um 18,2%. Eignir B-deildar jukust á sama tíma um 5,8% og eignir Séreignar um 13,2%.



### Eignasafn

Eignaflokkar	(m.kr.)				Hlutföll			
	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
A.a. Skuldabréf með ríkisábyrgð	167.932	59.698	684	228.314	19,5%	20,9%	3,1%	19,6%
A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	104.631	26.016	0	130.647	12,2%	9,1%	0,0%	11,2%
B.a. Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	23.156	6.388	226	29.770	2,7%	2,2%	1,0%	2,6%
B.b. Innlán	31.082	15.577	9.474	56.133	3,6%	5,5%	43,0%	4,8%
B.c. Sértryggð skuldabréf	33.073	6.516	172	39.762	3,8%	2,3%	0,8%	3,4%
C.a. Skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	3.260	3.308	0	6.568	0,4%	1,2%	0,0%	0,6%
C.b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	246.658	91.264	7.543	345.464	28,7%	32,0%	34,2%	29,6%
D.a. Skuldabréf fyrirtækja	46.138	18.628	0	64.766	5,4%	6,5%	0,0%	5,6%
D.b. Skuldabréf sjóða um sameiginlega fjárfestingu	12.397	1.319	0	13.716	1,4%	0,5%	0,0%	1,2%
E.a. Hlutabréf	127.618	44.019	1.942	173.579	14,9%	15,4%	8,8%	14,9%
E.b. Hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu	62.938	12.710	2.010	77.658	7,3%	4,5%	9,1%	6,7%
E.c. Fasteignir	0	0	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
F.a. Afleiður	270	79	5	355	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
<b>Eignasafn alls</b>	<b>859.153</b>	<b>285.522</b>	<b>22.056</b>	<b>1.166.731</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>

## Fjárfestingar ársins

Á árinu 2020 keypti LSR verðbréf og veitti lán fyrir samtals 46,6 ma.kr. að teknu tilliti til seldra bréfa og uppgreiddra lána.

Töluverðar hreyfingar voru á innlendu skuldabréfasafni sjóðsins. Uppgreiðslur á sjóðfélagalánum voru 4,7 mö.kr. umfram veitt útlán til sjóðfélaga á árinu. Árið áður námu veitt útlán til sjóðfélaga umfram uppgreidd lán 21,0 ma.kr. Keypt voru skuldabréf á sveitarfélög, fyrirtæki, lánastofnanir og sértryggð skuldabréf fyrir 31,3 ma.kr.

Á árinu fjárfesti A-deild fyrir 27,4 ma.kr. í innlendum og erlendum hlutabréfum en B-deild seldi innlend og erlend hlutabréf fyrir 24,2 ma.kr. Þessi viðskipti eru í takt við ólíka þróun sjóðanna þar sem A-deild er með jákvætt innstreymi en B-deild neikvætt og selur því eignir til að standa undir lífeyrisgreiðslum.

Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu námu 13,0 mö.kr. á árinu. Undir þennan eignaflokk falla m.a. fjárfestingar í erlendum og innlendum framtakssjóðum sem námu 7,8 mö.kr. en bæði fjárfestingar og skuldbindingar í þessum sjóðum jukust á árinu. Jafnframt falla fjárfestingar í skuldabréfa- og lausafjár sjóðum undir þennan eignaflokk en fjárfesting í þeim nam 1,7 mö.kr. á árinu.

## Nettófjárfestingar (m.kr.)

Eignaflokkar	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
A.a. Skuldabréf með ríkisábyrgð	369	5.136	(49)	5.456
A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	(6.595)	3.439	0	(3.156)
B.a. Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	5.317	756	31	6.104
B.c. Sértryggð skuldabréf	7.691	4.291	69	12.051
C.a. Skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	985	2.066	0	3.051
C.b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	10.846	(14.833)	(285)	(4.271)
D.a. Skuldabréf fyrirtækja	8.856	1.198	0	10.055
D.b. Skuldabréf sjóða um sameiginlega fjárfestingu	784	0	0	784
E.a. Hlutabréf	7.762	(4.362)	115	3.515
E.b. Hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu	14.701	(1.906)	230	13.025
<b>Fjárfestingar alls</b>	<b>50.717</b>	<b>(4.214)</b>	<b>112</b>	<b>46.614</b>



## Innlend hlutabréf

Miklar hækkanir voru á innlendum hlutabréfamarkaði á árinu og hækkuðu skráð hlutabréf í safni LSR um 24,2% að nafnvirði sem samsvarar 20,0% raunávöxtun. Óskráð hlutabréf hækkuðu um 28,8% að nafnvirði sem samsvarar 24,4% raunávöxtun. Til samanburðar hækkaði hlutabréfavísitalan OMXIGI um 25,9% á árinu.

Árangur einstakra félaga var þó breytilegur. Hlutabréf í Kviku hf. hækkuðu um 63,5% og hlutabréf í TM hf. hækkuðu um 53,6%. Hlutabréf í Icelandair Group hf. lækkuðu um 78,3% og hlutabréf í Reitum hf. lækkuðu um 2,9%. Stærstu skráðu félögin í safni LSR í lok árs 2020 voru Marel hf., Össur hf. og Brim hf. Stærstu óskráðu félögin í safni LSR í lok árs 2020 voru Eyrir Invest ehf. og Jarðvarmi slhf.

Þrátt fyrir erfiðleika í íslensku atvinnulífi hækkuðu innlend hlutabréf töluvert að jafnaði eins og fram hefur komið og hafa þar vaxtalækkanir Seðlabanka Íslands áhrif. Félög skráð í kauphöll á innlendum markaði hafa einnig flest yfir að ráða sterkum efnahagsreikningum og tiltölulega lágri skuldsetningu.

## Þróun OMXIGI á árinu



## Tíu stærstu útgefendur innlendra hlutabréfa í safni LSR í árslok

Útgefendur	M.kr.	Hlutfall
Marel hf.	29.230	19,5%
Össur hf.	20.838	13,9%
Brim hf.	16.533	11,1%
Arion banki hf.	10.773	7,2%
Eyrir Invest hf.	10.421	7,0%
Hagar hf.	8.414	5,6%
Síminn hf.	7.916	5,3%
Reitir fasteignafélag hf.	6.974	4,7%
Festi hf.	5.831	3,9%
Reginn hf.	5.213	3,5%

## Erlend hlutabréf

Erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini í safni LSR, reiknuð í íslenskum krónum, skiluðu 26,9% nafnávöxtun á árinu 2020 sem samsvarar 20,8% raunávöxtun. Til samanburðar hækkaði heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) um 15,9% á árinu, reiknað í bandaríkjadal, en vegna veikingar krónunnar gagnvart bandaríkjadal hækkaði vísitalan um 21,8% í íslenskum krónum á árinu.

Miklar hækkanir voru á erlendum mörkuðum á árinu 2020. S&P 500, vísitala fyrir bandarísk hlutabréf, hækkaði um tæp 16% á árinu 2020, FTSE Europe, vísitala fyrir evrópsk hlutabréf, hækkaði um tæp 7% og MSCI EM, vísitala fyrir nýmarkaðshlutabréf, hækkaði um tæp 20% reiknað í bandaríkjadal.

Töluverðar sveiflur voru á gengisvísitölu krónunnar og hækkaði vísitalan um 11,6% á árinu. Gengi evru hækkaði um 14,9% gagnvart krónu og gengi bandaríkjadals hækkaði um 5% gagnvart krónu. Hér til hliðar má sjá yfirlit yfir þróun gengisvísitölu íslensku krónunnar á árinu og yfirlit yfir þróun heimsvísitölu hlutabréfa í bandaríkjadöllum.

### Þróun gengisvísitölu krónunnar á árinu



### Þróun MSCI með arði (USD) á árinu (heimsvísitala hlutabréfa)





LSR er í samstarfi við eignastýringaraðila um ávöxtun fjármuna sjóðsins á erlendum verðbréfamörkuðum, bæði skráðum og óskráðum. Við val á eignastýringaraðilum er horft til áhættudreifingar, ólíkrar aðferðafræði, reynslu, árangurs og mismunandi fjárfestingarstefnu. Leitað er eftir samstarfi við trausta aðila sem hafa náð góðum árangri yfir lengri tíma og veita góða og samkeppnishæfa þjónustu. LSR er langtímafjárfestir og leitast eftir því að vera ábyrgur fjárfestir. Því er lögð áhersla á að eignastýringaraðilar hafi sett sér virka stefnu í umhverfislegum og félagslegum þáttum sem og stjórnarháttum og geti með greinargóðum hætti sýnt fram á að unnið sé eftir þeirri stefnu við mat og eftirfylgni fjárfestinga.

### Tíu stærstu rekstraraðilar í safni erlendra hlutabréfa í árslok

Rekstraraðilar	M.kr.	Hlutfall
Vanguard	45.671	12,5%
MFS Investment Management	40.515	11,1%
State Street Global Advisors	39.814	10,9%
Morgan Stanley	38.042	10,4%
Wellington Management	30.466	8,3%
J.P. Morgan Asset Management	28.616	7,8%
T. Rowe Price	27.404	7,5%
Storebrand Asset Management AS	25.854	7,1%
Jupiter Asset Management	16.099	4,4%
GuardCap Asset Management	14.542	4,0%

## Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu

Á árinu nam nafnvöxtun sjóða um sameiginlega fjárfestingu 7,7%, reiknað í íslenskum krónum, sem samsvarar 4,1% raunávöxtun. Nafnvöxtun erlendra sjóða var 19,6% en innlendir sjóðir skiluðu 0,4% nafnvöxtun.

Undir þennan eignaflokk falla m.a. framtakssjóðir, fasteignasjóðir, innviðasjóðir, lánasjóðir, skuldabréfasjóðir og lausafjársgjóðir. Eignir LSR í þessum eignaflokki námu 77,7 mö.kr. í árslok 2020 og var vægi eignaflokksins 6,7% af heildareignum sjóðsins. Stærsti hluti eignaflokksins eru erlendir framtakssjóðir eða 56,1 ma.kr.

Við val á sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, sem flestir eru óskráðir, eru höfð til hliðsjónar sambærileg viðmið og við val á skráðum verðbréfasjóðum. Horft er til ólíkrar aðferðafræði sjóða, reynslu, árangurs og áhættudreifingar. Lögð er áhersla á að rekstraraðilar sjóða hafi sett sér virka stefnu í umhverfislegum og félagslegum þáttum sem og stjórnarháttum og geti með greinargóðum hætti sýnt fram á að unnið sé eftir þeirri stefnu við mat og eftirfylgni fjárfestinga.

## Tíu stærstu rekstraraðilar í safni sjóða um sameiginlega fjárfestingu í árslok

Rekstraraðilar	M.kr.	Hlutfall
Morgan Stanley AIP Private Markets	12.563	16,2%
Rothschild & Co. Credit Management	8.280	10,7%
Íslandssjóðir hf.	7.886	10,2%
Kvika eignastýring hf.	7.264	9,4%
New Mountain Capital, L.L.C.	6.092	7,8%
Partners Group AG	5.366	6,9%
KKR & Co. Inc.	3.830	4,9%
Stefnir hf.	3.476	4,5%
BMO Global Asset Management	3.235	4,2%
LGT Capital Partners	2.926	3,8%




## Skuldabréf

Nafnávöxtun skuldabréfasafns LSR var 6,4% á árinu 2020 sem samsvavar 2,8% raunávöxtun. Ávöxtun á innlendum skuldabréfamarkaði var góð á árinu. Vísitala verðtryggðra viðmiðunarskuldabréfa (NOMXIREAL) hækkaði um 6,8% og vísitala óverðtryggðra viðmiðunarskuldabréfa (NOMXINOM) um 6,5%.


Árið 2020 var krefjandi fyrir hagkerfi heimsins vegna útbreiðslu COVID-19-faraldursins. Til að styðja við íslenska hagkerfið lækkaði Seðlabanki Íslands meginvexti bankans um samtals 2,25 prósentu- stig á árinu og voru þeir 0,75% í árslok. Vaxtalækkunir Seðlabankans og aukin verðbólga studdi við lækkun ávöxtunarkröfu, sér í lagi styttri óverðtryggðra ríkisskuldabréfa og verðtryggðra ríkisskuldabréfa. Lækkun á ávöxtunarkröfu skilar sér í virðishækkun á þeim hluta skuldabréfa sem gerður er upp á markaðsvirði.

Það var tiltölulega rólegt í nýjum útgáfum fyrirtækjaskuldabréfa. Skýrist það sennilega af þeirri óvissu sem uppi var á árinu.

Próun ávöxtunarkröfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa (RIKS) á árinu



Próun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisskuldabréfa (RIKB) á árinu






Tíu stærstu útgefendur í safni innlendra skuldabréfa í árslok

Útgefendur	M.kr.	Hlutfall
Íbúðalánasjóður	100.906	19,6%
Ríkissjóður Íslands	62.220	12,1%
Lánasjóður íslenskra námsmanna	55.546	10,8%
Íslandsbanki hf.	18.945	3,7%
Landsbankinn hf.	13.948	2,7%
Reitir fasteignafélag hf.	12.996	2,5%
Reginn hf.	12.831	2,5%
Eik fasteignafélag hf.	11.007	2,1%
Lánasjóður sveitarfélaga	9.900	1,9%
Orkuveita Reykjavíkur	9.300	1,8%

Safn skuldabréfa í árslok





## Útlán til sjóðfélaga

Útlán LSR til sjóðfélaga á árinu 2020 námu alls 28 mö.kr. sem er rúmlega 7,4 mö.kr. minna en á árinu 2019. Veittum lánum fækkaði einnig á milli ára en alls voru veitt 1.494 lán á árinu 2020 miðað við 1.802 lán á árinu 2019. Uppgreiðsla lána nam samtals 32,7 mö.kr. á árinu 2020. Á árinu var 1,1 ma.kr. af séreignarsparnaði ráðstafað inn á fasteignalán hjá LSR.

Sjóðfélögum hjá LSR stendur til boða að taka óverðtryggð og verðtryggð lán með vöxtum sem eru fastir í þrjú ár í senn. Á árinu 2020 voru 28% veittra lána óverðtryggð og 57% veittra lána voru verðtryggð með breytilegum vöxtum samkvæmt framangreindu. Sjóðfélögum stendur einnig til boða að taka verðtryggð lán með föstum vöxtum út láns-tímann og á árinu 2020 námu þau 15% veittra lána.

Ýmis úrræði eru í boði hjá sjóðnum fyrir lántakendur í greiðsluvanda. Helstu úrræði sem sjóðurinn býður upp á eru að leggja vanskil við höfuðstól láns, frestun á greiðslum og lenging láns-tíma. Vegna kórónu-veirufaraldursins nýttu fleiri lántakar sér að fresta greiðslum á árinu 2020 en á árinu á undan. Þannig voru 186 skilmálabreytingar vegna greiðslu-frestunar framkvæmdar á árinu 2020 miðað við 28 á árinu 2019.

Hlutfall lána í vanskilum hefur farið lækkandi undanfarin ár og nam fjárhæð í vanskilum einungis 0,06% af eftirstöðvum sjóðfélagalána í árslok 2020.

## Útlán til sjóðfélaga


(m.kr.)

	2020	2019	Breyting
<b>Veitt lán á árinu</b>			
Fjárhæð	27.977	35.379	-20,9%
Fjöldi lána	1.494	1.802	-17,1%
Meðalfjárhæð	19	20	-4,6%
<b>Lán í árslok</b>			
Fjárhæð	126.175	135.464	-6,9%
Fjöldi lána	10.328	11.746	-12,1%
Meðalfjárhæð	12	12	5,9%
<b>Upplýsingar um vanskil</b>			
Fjárhæð í vanskilum alls í árslok	70	99	-29,9%
Hlutfall vanskila af sjóðfélagalánum	0,06%	0,13%	-56,9%
Fjöldi lána í meira en 3 mánaða vanskilum í árslok	27	64	-57,8%


Sjálfvirkni vegna lánsúmsókna jókst til muna á árinu 2020 en á árinu var í fyrsta skipti hægt að sækja rafrænt um lán hjá LSR á vef sjóðsins og tengjast sjálfvirku greiðslumati. Með aukinni sjálfvirkni leitast LSR við að einfalda lánsúmsóknarferlið og bæta þjónustu við sjóðfélaga.

Lög um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016 gilda um lánveitingar sjóðsins. Samkvæmt lögnum hvílir ákveðin upplýsingaskylda á lánveitanda við lánveitingu. Lánveitendum er einnig skylt að meta láns-hæfi einstaklinga og framkvæma greiðslumat fyrir lánveitingu.


Fjöldi veittra lána til sjóðfélaga




Meðalfjárhæð veittra sjóðfélagalána (m.kr.)



Fjárhæð veittra lána til sjóðfélaga (ma.kr.)



Útstandandi lán til sjóðfélaga (ma.kr.)





# A-deild



## A-deild - Lykilstærðir

Nafnávöxtun	14,6%
Hrein raunávöxtun	10,6%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	0,10%
<hr/>	
Hrein eign til greiðslu lífeyris	861.771
Hreinar fjárfestingatekjur	108.392
<hr/>	
Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum	40,3%
Hlutfall verðtryggðra eigna	38,8%
<hr/>	
Iðgjöld	35.467
Lífeyrir	10.829
<hr/>	
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	28.330
Meðalfjöldi lífeyrisþega	9.172
Meðalaldur virkra sjóðfélaga	45

*Fjárhæðir í töflu eru í m.kr.*





## Um A-deild


Með breytingu á lögum um LSR sem tóku gildi árið 1997 var A-deild stofnuð. Samhliða stofnun A-deildar var eldra réttindakerfi sjóðsins lokað fyrir nýjum sjóðfélögum.

Stofnun A-deildar markaði mikil tímamót fyrir LSR þar sem deildin var að fullu fjármögnuð með iðgjöldum. Eldra réttindakerfi sjóðsins var einungis að hluta fjármagnað með iðgjöldum en að öðru leyti með greiðslum frá launagreiðendum vegna hlutdeildar í lífeyrisgreiðslum.


Á árinu 2017 var réttindaávinnslu A-deildar breytt úr því að vera jöfn og óháð aldri yfir í það að vera aldurstengd.

A-deild hefur starfað í 24 ár sem þykir ekki ýkja langur tími fyrir lífeyris-sjóð. Þrátt fyrir það er A-deild orðin næststærsti lífeyrissjóður landsins í eignum talið. Hrein eign A-deildar í árslok 2020 var 861,8 ma.kr. Deildin hefur vaxið um 707,3 ma.kr. á síðastliðnum tíu árum og er rúmlega helmingur þess vaxtar kominn til vegna ávöxtunar. Eignir hafa því vaxið að meðaltali um 18,8% á ári síðastliðin tíu ár.

Fjárfestingartekjur  
(ma.kr.)



Hrein eign til greiðslu lífeyris  
(ma.kr.)



## Verðbréf

Í árslok 2020 nam verðbréfaeign A-deildar 859,2 mö.kr. Það er hækkun um 132,0 ma.kr. frá fyrra ári eða um 18,2%. Verðbréfaeignin í árslok skiptist samkvæmt meðfylgjandi töflu sem sýnir jafnframt fjárfestingarstefnu A-deildar fyrir árið 2020.

Á árinu keypti A-deild verðbréf og veitti lán fyrir samtals 50,7 ma.kr. að teknu tilliti til seldra bréfa og uppgreiddra lána. Uppgreiðslur á sjóðfélagalánum voru 6,1 ma.kr. umfram veitt útlán til sjóðfélaga á árinu. Fjárfest var í skuldabréfum með ríkisábyrgð fyrir 5,5 ma.kr. og sértryggðum skuldabréfum fyrir 12,1 ma.kr. ásamt því að keypt voru bréf í flestum öðrum flokkum skuldabréfa.

Erlendar fjárfestingar námu 27,6 mö.kr. sem voru að stærstum hluta fjárfestingar í erlendum skráðum hlutabréfum í gegnum verðbréfasjóði og fjárfestingar í framtakssjóðum.

## Verðbréfaeign A-deildar

(m.kr.)

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
A.a. Skuldabréf með ríkisábyrgð	167.932	19,5%	17%	10–30%
A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	104.631	12,2%	13%	5–25%
B.a. Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	23.156	2,7%	3%	0–10%
B.b. Innlán	31.082	3,6%	1%	0–10%
B.c. Sértryggð skuldabréf	33.073	3,8%	4%	0–10%
C.a. Skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	3.260	0,4%	1%	0–5%
C.b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	246.658	28,7%	35%	15–45%
D.a. Skuldabréf fyrirtækja	46.138	5,4%	5%	0–10%
D.b. Skuldabréf sjóða um sameiginlega fjárfestingu	12.397	1,4%	1%	0–5%
E.a. Hlutabréf	127.618	14,9%	10%	5–20%
E.b. Hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu	62.938	7,3%	10%	5–20%
E.c. Fasteignir	0	0,0%	0%	0–1%
F.a. Afleiður	270	0,0%	0%	0–1%
F.b. Aðrir fjármálagerningar	0	0,0%	0%	0–0%
<b>Verðbréfaeign alls</b>	<b>859.153</b>	<b>100,0%</b>		



## Iðgjöld

Iðgjald til A-deildar er 15,5% af heildarlaunum, sjóðfélagi greiðir 4% og launagreiðandi 11,5%. Iðgjaldagreiðslur til A-deildar námu 35.467 m.kr. á árinu 2020 og hækkuðu um 9,1% á milli ára sem má meðal annars rekja til kjarasamningshækkana og fjölgunar sjóðfélaga.

Greiðandi sjóðfélögum hefur fjölgað um 1.000 frá árinu 2019. Meirihluti sjóðfélaga starfar hjá ríkinu en að uppfylltum ákveðnum aðildarskilyrðum geta einstaklingar sem starfa hjá öðrum launagreiðendum greitt í A-deild. Ávinnsla réttinda hefur verið aldurstengd frá 2017 en meirihluti sjóðfélaga á þó rétt á jafnri ávinnslu samkvæmt eldra fyrirkomulagi.


Í árslok áttu 71.469 sjóðfélagar réttindi í A-deild, þar af voru 31.009 virkir greiðendur, 10.266 voru á lífeyri og 30.194 óvirkir eða með geymd réttindi.

Meðalaldur virkra sjóðfélaga var 45 ár í lok árs 2020 og voru 71% konur og 29% karlar.


### Iðgjöld og fjöldataölur

	2020	2019	Breyting
Iðgjöld í m.kr.	35.467	32.515	9,1%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	28.330	27.330	3,7%
Fjöldi með réttindi í árslok	71.469	68.408	4,5%

### Iðgjöld (m.kr.)



### Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga



## Lífeyrir

Sjóðfélagar A-deildar ávinna sér rétt til ævilangra eftirlauna. Auk þess njóta þeir réttar til örorkulífeyris ef orkutap verður 40% eða meira. Þá á maki rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga og börn sjóðfélaga eiga rétt á barnalífeyri við orkutap eða fráfall þeirra.


Réttur til að hefja töku eftirlauna er ekki háður starfslokum en heimilt er að hefja töku lífeyris hvenær sem er á milli 60 og 80 ára aldurs. Sama gildir um töku hálf lífeyris. Viðmiðunaráldur lífeyristöku er 65 ár hjá þeim sem eiga rétt á jafnri réttindaávinnslu en 67 ár hjá þeim sem eru í aldurstengdri réttindaávinnslu.

Lífeyrisgreiðslur A-deildar námu 10.829 m.kr. á árinu 2020 og hækkuðu um 20,4% milli ára. Alls fengu 10.710 lífeyrisþegar greiðslur á árinu 2020 en þeir sem fengu greiðslur að meðaltali í hverjum mánuði voru 9.172. Á liðnu ári hófu 989 sjóðfélagar töku eftirlauna samanborið við 963 árið áður.


Meðalaldur lífeyrisþega í árslok 2020 var 67,9 ár og voru 66,9% af þeim konur en 33,1% karlar, reiknað án þeirra sem fá greiddan barnalífeyri.

Lífeyrisbyrði deildarinnar, þ.e. hlutfall lífeyris af iðgjöldum, er lág enda deildin ung að árum. Lífeyrisbyrði á árinu 2020 var 30,9% en var 28,1% árið áður.

Lífeyrisgreiðslur A-deild  
(ma.kr.)



Meðalfjöldi lífeyrisþega





## Lífeyrisgreiðslur

(m.kr.)

	2020	2019	Breyting
Eftirlaun	7.515	6.113	22,9%
Örorkulífeyrir	2.882	2.502	15,2%
Makalífeyrir	249	209	19,2%
Barnalífeyrir	183	167	9,7%
<b>Samtals</b>	<b>10.829</b>	<b>8.991</b>	<b>20,4%</b>

## Fjöldi lífeyrisþega

	2020	2019	Breyting
Eftirlaun	7.205	6.377	13,0%
Örorkulífeyrir	2.217	2.014	10,1%
Makalífeyrir	472	433	9,0%
Barnalífeyrir	816	759	7,5%
<b>Samtals</b>	<b>10.710</b>	<b>9.583</b>	<b>11,8%</b>

## Meðalfjárhæð lífeyris

(þús.kr.)

	2020	2019	Breyting
Eftirlaun	1.043	959	8,8%
Örorkulífeyrir	1.300	1.242	4,6%
Makalífeyrir	529	483	9,3%
Barnalífeyrir	224	220	2,0%
<b>Samtals</b>	<b>1.011</b>	<b>938</b>	<b>7,8%</b>



## Skuldbindingar


Stjórn LSR fól Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 2020. Útreikningurinn er í samræmi við reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir á móti þeim skuldbindingum sem felast í áunnum réttindum og framtíðarréttindum sjóðfélaga til lífeyris. Skuldbindingin er útreiknuð fjárhæð sem endurspeglar loforð til sjóðfélaga um lífeyrisgreiðslur í framtíðinni. Sjóðurinn þarf að eiga eignir til að standa undir þeim loforðum.

Staða A-deildar er reiknuð út frá sértækum dánar- og örorkulíkum. Sértækar líkur eru reiknaðar út frá öllum sjóðfélögum sem eiga réttindi hjá LSR, þ.e. bæði þeim sem eiga réttindi í A-deild og B-deild sjóðsins. Útreikningurinn miðar við reynslu árána 2014 til 2018. Reiknað er með að meðallífaldur 45 ára kvenkyns sjóðfélaga LSR verði 86,1 ár en 83,8 ár hjá karlkyns sjóðfélögum. Viðmiðunaráldur við töku eftirlauna er 65 ár fyrir jafna ávinnslu réttinda og 67 ár fyrir aldurstengda ávinnslu.

Sértækar líkur fyrir LSR eru frábrugðnar almennum líkum á þann hátt að sjóðfélagar LSR lifa almennt lengur og líkur á örorku eru minni. Sértækar líkur fyrir LSR gera þannig ráð fyrir að 45 ára sjóðfélagi lifi að meðaltali rúmlega einu ári lengur en almennar lífslíkur gera ráð fyrir.

Eignir og skuldbindingar samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt (ma.kr.)



Í tryggingafræðilegum forsendum er miðað við að ávöxtun eigna deildarinnar verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Til samanburðar hefur meðaltal hreinnar raunávöxtunar verið 4,1% frá stofnun deildarinnar. Ávöxtun er því umfram þær forsendur sem notaðar eru við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu en það vegur hinsvegar á móti að ævilíkur hafa aukist og er nú gert ráð fyrir að sjóðfélagar lifi lengur en gert var ráð fyrir við stofnun A-deildar. Ef núverandi lífslíkur eru bornar saman við upphaflegar forsendur um ævilengd sem notaðar voru við stofnun A-deildar þá hefur áætluð meðalævi 45 ára




einstaklings lengst um fjögur ár ef hann er kona og rúmlega fimm ár ef hann er karl. Meðalaldur greiðandi sjóðfélaga A-deildar á árinu 2020 var 45 ár.

Almennt er gert ráð fyrir að ævilíkur muni halda áfram að aukast í framtíðinni en Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur talað fyrir því að forsendum við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða verði breytt og miðað verði við lífslíkur sem byggja á spám um lengri meðalævi. Verði fallist á þessar tillögur munu reiknaðar skuldbindingar A-deildar aukast þar sem gert yrði ráð fyrir því að lífeyrisþegar fengju greiðslur úr sjóðnum í lengri tíma en áður var miðað við.

Skuldbinding A-deildar samanstendur af áfallinni skuldbindingu sem miðast annars vegar við þau réttindi sem sjóðfélagar hafa þegar áunnið sér miðað við síðustu áramót og hins vegar við þau réttindi sem áætlað er að núverandi sjóðfélagar munu ávinna sér í framtíðinni fram að töku eftirlauna. Skuldbinding A-deildar var 1.215 ma.kr. í árslok 2020 og hækkaði um 10,5% á milli ára.

### Eignir umfram skuldbindingar



Tryggingafræðileg staða sjóðsins var -0,2% í árslok 2020 en var -2,9% árið áður. Ávöxtun á síðasta ári var mjög góð og batnar staðan því umtalsvert milli ára. Forsendur varðandi lífslíkur eru óbreyttar milli ára.

Verði mismunur á heildareignum og heildarskuldbindingum meiri en 10% ber að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum deildarinnar. Sama gildir ef munurinn er umfram 5% í aðra hvora áttina fimm ár í röð. Tryggingafræðileg staða A-deildar er í jafnvægi miðað við þessi viðmið.



# B-deild





## B-deild - Lykilstærðir

Nafnávöxtun	16,1%
Hrein raunávöxtun	12,0%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	0,20%
<hr/>	
Hrein eign til greiðslu lífeyris	284.037
Hreinar fjárfestingatekjur	41.223
<hr/>	
Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum	39,4%
Hlutfall verðtryggðra eigna	39,1%
<hr/>	
Iðgjöld	1.532
Lífeyrir	57.157
<hr/>	
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	1.493
Meðalfjöldi lífeyrisþega	17.664
Meðalaldur virkra sjóðfélaga	61

Fjárhæðir í töflu eru í m.kr.




## Um B-deild

Forveri LSR og jafnframt fyrsti lífeyrissjóðurinn sem stofnaður var á Íslandi varð til þann 28. nóvember 1919 með stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn. Árið 1944 fengu allir ríkisstarfsmenn aðild að sjóðnum og var nafni hans á sama tíma breytt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Á árinu 1997 var sjóðnum svo skipt upp í tvær deildir, eldra réttindakerfið fékk nafnið B-deild en nýtt réttindakerfi nafnið A-deild. Samhliða þessari breytingu var B-deild lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Greiðandi sjóðfélögum B-deildar hefur í kjölfarið fækkað mikið en þeir voru rúmlega 19 þúsund þegar deildinni var lokað. Á árinu 2020 greiddu einungis 1.493 sjóðfélagar iðgjöld að meðaltali.


Í ársbyrjun 2018 sameinaðist Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga (LH) við B-deild. Við sameininguna námu eignir B-deildar 228,4 mö.kr. og eignir LH 26,6 mö.kr.

Hrein eign B-deildar var 285 ma.kr. í árslok og jókst um 5,8% milli ára. Fjárfestingartekjur B-deildar síðustu 10 ár hafa samtals numið 227,5 mö.kr. en þrátt fyrir það hefur hrein eign deildarinnar einungis aukist um 97,1 ma.kr. á sama tímabili. Það er vegna þess að B-deild hefur verið lokað fyrir nýjum sjóðfélögum frá 1997 og því hefur útlæði úr deildinni í formi lífeyrisgreiðslna umfram innflæði verið mikið á hverju ári og farið stöðugt vaxandi.

Hrein eign til greiðslu lífeyris  
(ma.kr.)



Fjárfestingartekjur  
(ma.kr.)





## Verðbréf

Í árslok 2020 nam verðbréfaeign B-deildar 285,5 mö.kr. Það er hækkun um 15,7 ma.kr. frá fyrra ári eða um 5,8%. Verðbréfaeignin í árslok skiptist samkvæmt meðfylgjandi töflu sem sýnir jafnframt fjárfestingarstefnu B-deildar fyrir árið 2020.

Fjárfestingarstefna B-deildar tekur annars vegar mið af því að draga úr áhættu í eignasafni deildarinnar og er deildin því nettókaupandi að skuldabréfum en seljandi hlutabréfa. Hins vegar tekur stefnan mið af því að eignir deildarinnar fara minnkandi þar sem útgreiðslur eru hærrí en inngreiðslur. B-deild þarf því að selja verðbréf til að standa undir mánaðarlegum lífeyrisgreiðslum.

Á árinu var B-deild nettóseljandi verðbréfa fyrir 4,2 ma.kr. Þar ber hæst sala á erlendum hlutabréfum að fjárhæð 14,8 ma.kr. og sala innlendra hlutabréfa að fjárhæð 3,2 ma.kr. Fjárfestingar í skuldabréfum að meðtöldum útlánum til sjóðfélaga námu jafnframt 16,9 mö.kr.

## Verðbréfaeign

(m.kr.)

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
<b>A.a. Skuldabréf með ríkisábyrgð</b>	59.698	20,9%	20%	15–30%
<b>A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf</b>	26.016	9,1%	10%	5–20%
<b>B.a. Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga</b>	6.388	2,2%	5%	0–10%
<b>B.b. Innlán</b>	15.577	5,5%	5%	0–10%
<b>B.c. Sértryggð skuldabréf</b>	6.516	2,3%	3%	0–5%
<b>C.a. Skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga</b>	3.308	1,2%	2%	0–5%
<b>C.b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða</b>	91.264	32,0%	32%	20–45%
<b>D.a. Skuldabréf fyrirtækja</b>	18.628	6,5%	5%	0–10%
<b>D.b. Skuldabréf sjóða um sameiginlega fjárfestingu</b>	1.319	0,5%	1%	0–5%
<b>E.a. Hlutabréf</b>	44.019	15,4%	12%	5–20%
<b>E.b. Hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu</b>	12.710	4,5%	5%	0–15%
<b>E.c. Fasteignir</b>	0	0,0%	0%	0–1%
<b>F.a. Afleiður</b>	79	0,0%	0%	0–1%
<b>F.b. Aðrir fjármálagerningar</b>	0	0,0%	0%	0–0%
<b>Verðbréfaeign alls</b>	<b>285.522</b>	<b>100,0%</b>		

## Iðgjöld

Iðgjald til B-deildar er 12% af dagvinnulaunum, vaktaálagi, persónu- og orlofsuppbót. Réttindi sjóðfélaga miðast við þann tíma sem greitt hefur verið í sjóðinn ásamt starfshlutfalli.

Iðgjaldagreiðslur til B-deildar námu 1.532 m.kr. á árinu 2020 og lækkuðu um 9,3% á milli ára. Greiðandi sjóðfélögum fækkaði um 302 frá árinu 2019 en að meðaltali greiddu 1.493 sjóðfélagar iðgjald til B-deildar í hverjum mánuði árið 2020.


Í árslok átti 36.441 sjóðfélagi réttindi í B-deild, þar af voru 1.342 virkir greiðendur, 19.100 voru á lífeyri og 15.999 voru óvirkir eða með geymd réttindi.

Meðalaldur virkra sjóðfélaga var 61 ár í lok árs 2020 og voru 59% konur og 41% karlar.


### Iðgjöld og fjöldataölur

	2020	2019	Breyting
Iðgjöld í m.kr.	1.532	1.689	-9,3%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	1.493	1.795	-16,8%
Fjöldi með réttindi í árslok	36.441	37.064	-1,7%

### Iðgjöld (m.kr.)



### Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga





## Lífeyrir


Almennur réttur til töku eftirlauna er við 65 ára aldur. Virkum sjóðfélaga er þó heimilt að hefja töku lífeyris fyrr ef samanlagður greiðslutími til sjóðsins og lífaldur er 95 ár eða meira (95 ára regla) en þó aldrei fyrir 60 ára aldur.

Lífeyrir reiknast sem hlutfall af launum við starfslok en í ákveðnum tilvikum sem hlutfall af launum vegna tíu ára starfsaldurs í hærra launuðu starfi. Lífeyrisgreiðslur breytast svo í takt við þróun dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum, annaðhvort í samræmi við laun eftirmanns í starfi eða vísitölu sem Hagstofa Íslands gefur út mánaðarlega og mælir breytingar sem verða á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna. Á árinu 2020 hækkaði sú vísitala um 9,2%.


Lífeyrisgreiðslur B-deildar námu 57.157 m.kr. á árinu 2020 og hækkuðu um 7,2% á milli ára. Alls fékk 20.101 lífeyrisþegi greiðslur á árinu 2020 en meðalfjöldi þeirra sem fékk mánaðarlegar greiðslur var 17.664 á árinu. Á liðnu ári hófu 1.200 sjóðfélagar töku eftirlauna samanborið við 1.294 árið áður.

Meðalaldur lífeyrisþega í árslok 2020 var 74,7 ár og voru 67% af þeim konur en 33% karlar, reiknað án þeirra sem fá greiddan barnalífeyri.

### Lífeyrisgreiðslur (ma.kr.)



### Meðalfjöldi lífeyrisþega




Af þeim 57.157 m.kr. sem greiddar voru í lífeyri úr B-deild á síðasta ári fékk sjóðurinn 22.232 m.kr. endurgreiddar frá launagreiðendum vegna hlutdeildar þeirra í lífeyrisgreiðslum til sinna fyrrverandi starfsmanna. Allar hækkanir á lífeyri sem verða eftir að lífeyristaka hefst eru greiddar af launagreiðendum hvers sjóðfélaga og fer hlutur launagreiðenda þannig hækkandi því lengur sem lífeyrisþeginn er á lífeyri. Hlutdeild þessara greiðslna skiptist milli launagreiðenda í hlutfalli við réttinda-ávinnslu sjóðfélagans hjá hverjum launagreiðanda fyrir sig.

Lífeyrisgreiðslur flestra sjóðfélaga taka breytingum í samræmi við vísitölu sem Hagstofan reiknar út og endurspeglar breytingar á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Lífeyrir annarra sjóðfélaga tekur breytingum samkvæmt kjarasamningi eða breytingum á launum eftirmanns í starfi.

Hlutfall launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum var 38,9% á árinu 2020 en var 38,3% árið áður. Vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna hækkaði um 9,2% á árinu 2020 og skýrir það hlutfallshækkun á milli ára. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt er gert ráð fyrir að þetta hlutfall fari vaxandi í framtíðinni og verði að meðaltali 53,8%.

### Lífeyrishækkanir (ma.kr)





**Lífeyrisgreiðslur** (m.kr.)

	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>Breyting</b>
Eftirlaun	48.436	44.979	7,7%
Örorkulífeyrir	1.197	1.241	-3,6%
Makalífeyrir	7.519	7.101	5,9%
Barnalífeyrir	5	8	-31,7%
<b>Samtals</b>	<b>57.157</b>	<b>53.329</b>	<b>7,2%</b>

**Fjöldi lífeyrisþega**

	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>Breyting</b>
Eftirlaun	15.743	15.153	3,9%
Örorkulífeyrir	1.339	1.353	-1,0%
Makalífeyrir	2.930	2.901	1,0%
Barnalífeyrir	89	98	-9,2%
<b>Samtals</b>	<b>20.101</b>	<b>19.505</b>	<b>3,1%</b>

**Meðalfjárhæð lífeyris** (þús.kr.)

	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>Breyting</b>
Eftirlaun	3.077	2.968	3,6%
Örorkulífeyrir	894	917	-2,6%
Makalífeyrir	2.566	2.448	4,8%
Barnalífeyrir	60	80	-24,8%
<b>Samtals</b>	<b>2.844</b>	<b>2.734</b>	<b>4,0%</b>


## Skuldbindingar

Stjórn LSR fól Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu B-deildar í árslok 2020. Útreikningurinn er í samræmi við reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir á móti þeim skuldbindingum sem felast í áunnum réttindum og framtíðarréttindum sjóðfélaga til lífeyris. Skuldbindingin er útreiknuð fjárhæð sem endurspeglar loforð til sjóðfélaga um lífeyrisgreiðslur í framtíðinni. B-deild á eignir til að mæta 26,1% af áfallinni skuldbindingu en því til viðbótar á hún kröfu á launagreiðendur vegna hlutdeildar í lífeyrisgreiðslum og kröfu á ríkissjóð vegna bakábyrgðar á skuldbindingum. Vegna aukins útlæðis hefur gengið hratt á eignir en hlutfall eigna upp í skuldbindingar nam 37,5% fyrir tíu árum síðan.

Staða B-deildar er reiknuð út frá sértækum dánar- og örorkulíkum. Sértækar líkur eru reiknaðar út frá öllum sjóðfélögum sem eiga réttindi hjá LSR, þ.e. bæði þeim sem eiga réttindi í A-deild og B-deild sjóðsins. Útreikningurinn miðar við reynslu árána 2014 til 2018. Sértækar líkur fyrir LSR eru frábrugðnar almennum líkum á þann hátt að sjóðfélagar LSR lifa almennt lengur og líkur á örorku eru minni. Sértækar líkur fyrir LSR gera þannig ráð fyrir að 65 ára sjóðfélagi lifi að meðaltali rúmlega einu ári lengur en almennar lífslíkur gera ráð fyrir.

### Núvirtar eignir sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum



Skuldbinding B-deildar samanstendur af áfallinni skuldbindingu annars vegar, sem miðast við þau réttindi sem sjóðfélagar hafa þegar áunnið sér miðað við síðustu áramót, og hins vegar við þau réttindi sem áætlað er að sjóðfélagar muni ávinna sér í framtíðinni fram að töku eftirlauna. Einungis 2,1% af heildarskuldbindingu B-deildar er vegna réttinda sem sjóðfélagar eiga eftir að ávinna sér í framtíðinni þannig að stærsti hluti af skuldbindingunni er þegar kominn fram. Áfallin skuldbinding var 1.002,1 ma.kr. í árslok 2020 og hækkaði um 51,3 ma.kr. á milli ára.



Áfallin staða B-deildar var -73,9% í árslok 2020 en var -73,5% árið áður. Ávöxtun á síðasta ári var mjög góð en þrátt fyrir það versnaði tryggingafræðileg staða milli ára. Ástæða þess er að nettóútfæði úr B-deild var 25,7 ma.kr. á árinu 2020 og sú vísitala sem mælir breytingar á dagvinnulaunum hækkaði um 9,2% á árinu en hækkun dagvinnulauna hefur bein áhrif á skuldbindingar. Þessir tveir þættir gerðu það að verkum að skuldbindingar B-deildar hækkuðu meira en eignir hennar á síðasta ári.

Gerð er nánari grein fyrir skuldbindingum B-deildar í ársreikningi, bæði í sérstöku yfirliti og í skýringarliðum nr. 14 og 15.

### Fjármögnun áfallinnar skuldbindingar í árslok

	Í m.kr.	Hlutdeild	Uppsöfnuð %
Hrein eign til greiðslu lífeyris	284.037	28,3%	28,3%
Endurmat á verðbréfaeign	(12.839)	-1,3%	27,0%
Núvirt fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður	(9.735)	-1,0%	26,0%
Krafa á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana	538.941	53,8%	79,9%
Krafa á ríkissjóð vegna bakábyrgðar	201.701	20,1%	100,0%
<b>Áfallin skuldb. samkv. tryggingafræðilegri úttekt</b>	<b>1.002.106</b>	<b>100,0%</b>	

### Hlutdeild launagreiðenda í skuldbindingum og bakábyrgð ríkissjóðs

Samkvæmt lögum ber launagreiðendum að greiða til B-deildar allar hækkanir á lífeyrisgreiðslum sem eru komnar til vegna launahækkana opinberra starfsmanna.

Sá hluti skuldbindinga sem launagreiðendur eiga að standa undir var metinn 538,9 ma.kr. í árslok 2020 eða um 53,8% af áfallinni skuldbindingu. Krafa á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana er ekki færð á meðal eigna í efnahagsreikningi B-deildar. Þess í stað er getið um kröfuna neðanmáls sem eign utan efnahagsreiknings.

Eins og fram hefur komið eru núvirtar eignir B-deildar 26,1% af áföllnum skuldbindingum. Það sem upp á vantar er fjármagnað með kröfu á launagreiðendur og bakábyrgðarkröfu á ríkissjóð. Sé horft til þessara krafna má segja að sjóðurinn sé í jafnvægi.


Réttindakerfi B-deildar er að hluta til byggt upp sem gegnumstreymiskerfi og að hluta með sjóðsöfnun. Þau réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér eru mun meiri en hægt er að standa undir með 12% iðgjaldi. Vegna lokunar B-deildar fyrir nýjum sjóðfélögum og uppbyggingar réttindakerfis sjóðsins lá fyrir að eignir myndu klárast áður en skuldbindingar hefðu verið greiddar að fullu. Eftir að sjóðnum var lokað hafa

Lífeyrisgreiðslur verið margfalt hærri en hefðbundnar iðgjaldagreiðslur og hefur stærstur hluti af eignamyndun eftir það verið tilkominn vegna ávöxtunar, aukagreiðslna ríkissjóðs og uppgjors á skuldbindingum. Þegar B-deild getur ekki lengur innt af hendi lífeyrisgreiðslur með tekjum sínum og eignum mun reyna á bakábyrgð ríkissjóðs.


Áfallin bakábyrgð ríkissjóðs gagnvart B-deild var í árslok 2020 metin 201,7 ma.kr. eða 20,1% af áfallinni skuldbindingu sjóðsins. Á meðfylgjandi súluriti má sjá hvernig bakábyrgð ríkissjóðs hefur þróast undanfarin tíu ár og hvaða áhrif aukagreiðslur ríkissjóðs hafa haft. Bakábyrgðarkrafa á ríkissjóð vegna B-deildar hækkaði um 5,7% á árinu 2020.

Ríkissjóður hefur greitt inn á skuldbindingar sínar við B-deild umfram lagaskyldu eins og kemur fram hér neðar í umfjöllun um innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar. Án aukagreiðslna hefði bakábyrgð ríkissjóðs verið 485,7 ma.kr. í árslok 2020. Ríkissjóður hefur því náð að fjármagna 58,5% af bakábyrgð sinni vegna áfallinna skuldbindinga B-deildar.

### Bakábyrgð ríkissjóðs (ma.kr.)



### Sundurliðun áfallinnar skuldbindingar eftir ábyrgð (ma.kr.)





### Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar


Eftir að B-deild var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum árið 1997 var ljóst að eignir myndu klárast áður en skuldbindingar hefðu verið greiddar að fullu þar sem innflæði í sjóðinn hafði verið skert verulega. Uppsöfnuð áunnin réttindi sjóðfélaga B-deildar voru þá þegar orðin mikil en þau áttu eftir að koma til útgreiðslu í formi lífeyris á næstu 70 árum.

Á árinu 1999 byrjaði ríkissjóður að greiða aukalega til B-deildar með það að markmiði að dreifa greiðslum sínum vegna bakábyrgðar yfir lengri tíma. Hlé var gert á þessum greiðslum frá árinu 2009 en þær hófust aftur á árinu 2017. Síðastliðin fjögur ár hafa aukagreiðslur úr ríkissjóði numið samtals 43 mö.kr. en þar af voru 7 ma.kr. greiddir á árinu 2020.


Til viðbótar við framangreindar aukagreiðslur hefur ríkissjóður greitt viðbótariðgjöld til B-deildar sem ákveðið hlutfall af lögbundnum iðgjöldum en þau námu 655 m.kr. á árinu 2020. Alls greiddi ríkissjóður því 7,7 ma.kr. aukalega til sjóðsins á árinu 2020.

Til að greiða lífeyri hefur fyrst verið gengið á aðrar eignir en þær sem ríkissjóður hefur greitt aukalega til B-deildar. Aðrar eignir B-deildar voru uppunar í nóvember 2015 og ef engar aukagreiðslur hefðu komið frá ríkissjóði hefðu allar greiðslur til lífeyrisþega þurft að koma úr ríkissjóði frá þeim tímapunkti. Frá nóvember 2015 hafa greiðslur inn á skuldbindingar numið 49,4 mö.kr. Þar að auki hafa 90,4 ma.kr. verið nýttir af inneign ríkissjóðs hjá B-deild til að greiða sjóðfélögum lífeyri.

Innborganir ríkisins inn á skuldbindingar (ma.kr.)



Hrein eign til greiðslu lífeyris (ma.kr.)




### Framtíðarsjóðstreymi

Reiknaðar hafa verið þær greiðslur sem B-deild þarf að greiða lífeyrisþegum í framtíðinni vegna réttinda sem þeir hafa áunnið sér og koma til með að ávinna sér fram að töku lífeyris. Á móti lífeyrisgreiðslum fær B-deild greiðslur frá launagreiðendum vegna hlutdeildar þeirra í lífeyrisgreiðslum og þegar eignir til greiðslu lífeyris verða uppnar mun B-deild fá greiðslur frá ríkissjóði vegna bakábyrgðar. Miðað við fast verðlag munu lífeyrisgreiðslur ná hámarki á þessu ári. Greiðslur launagreiðenda vegna hlutdeildar í lífeyrisgreiðslum verða hins vegar í hámarki árin 2027 og 2028 en þær vega mun þyngra í framtíðarsjóðstreyminu en greiðslur vegna bakábyrgðar.

Aukagreiðslur ríkissjóðs hafa styrkt fjárhagsstöðu B-deildar verulega. Í stað þess að B-deild hefði klárað sínar eignir á árinu 2015 hefur tekist að fresta því til ársins 2030. Eins og fram hefur komið hér að framan hóf ríkissjóður aftur aukagreiðslur til B-deildar á árinu 2017 og hefur á síðustu fjórum árum greitt 43 ma.kr. til deildarinnar. Þessar greiðslur einar og sér hafa gert það að verkum að B-deild tæmist nú um tveimur og hálfu ári seinna en annars hefði gerst.

Á sviðsmynd hér til hliðar er ekki gert ráð fyrir frekara aukaframlagi frá ríkissjóði en gert er ráð fyrir að viðbótariðgjöld verði greidd áfram samhliða lögbundnum iðgjöldum um ókomna tíð.

Greiðslur til B-deildar árin 2021-2060 á verðlagi ársloka 2020 (ma.kr.)





Ef ekki er gert ráð fyrir frekari aukagreiðslum eftir árslok 2020 þarf ríkissjóður frá og með 2030 að öllu óbreyttu að standa nánast að fullu undir greiðslu lífeyris úr B-deild. Samkvæmt sjóðstreymisgreiningu yrðu greiðslur ríkissjóðs vegna bakábyrgðar að meðaltali 20,8 ma.kr. á ári næstu fimm árin eftir að B-deild tæmist, miðað við verðlag í árslok 2020, en færu svo lækkandi. Á sama tíma munu greiðslur til B-deildar vegna hlutdeildar launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum nema 27,3 mö.kr. á ári að meðaltali en stærstur hluti þeirrar fjárhæðar kemur úr ríkissjóði.

Til þess að tryggja að B-deild geti staðið við skuldbindingar sínar á hverjum tíma með eignum sínum þyrftu árlegar aukagreiðslur frá ríkissjóði að vera að meðaltali 8 ma.kr. á ári næstu 30 árin miðað við verðlag í árslok 2020. Samkvæmt fjárlögum er áformað að greiða 8 ma.kr. til B-deildar á árinu 2021.





# Séreign





## Séreign - Lykilstærðir

	Leið I	Leið II	Leið III
<b>Nafnávöxtun</b>	17,3%	12,1%	4,2%
<b>Hrein raunávöxtun</b>	13,3%	8,3%	0,6%
<b>Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna</b>	0,09%	0,09%	0,07%
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	10.001	2.864	9.212
<b>Hreinar fjárfestingatekjur</b>	1.478	294	362
<b>Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum</b>	46,4%	22,2%	0,0%
<b>Hlutfall verðtryggðra eigna</b>	27,8%	47,8%	100,0%
<b>Iðgjöld</b>	75	315	786
<b>Lífeyrir</b>	246	95	365
<b>Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga</b>	942	654	1.418
<b>Meðalfjöldi lífeyrisþega</b>	69	37	152
<b>Meðalaldur virkra sjóðfélaga</b>	52	48	59

Fjárhæðir í töflu eru í m.kr.


## Um Séreign

Séreign LSR var stofnuð í ársbyrjun 1999. LSR hefur frá upphafi lagt áherslu á örugga vörslu séreignarsparnaðar, góða ávöxtun með varfærni í fjárfestingum að leiðarljósi, góða þjónustu við sjóðfélaga og lágan rekstrarkostnað.


Sjóðfélagar í Séreign geta valið á milli þriggja mismunandi fjárfestingarleiða sem eru með ólíka fjárfestingarstefnu.

Hrein eign Séreignar í árslok 2020 var 22.077 m.kr. og hefur hún vaxið um 13.460 m.kr. á síðastliðnum tíu árum. Á þeim árum hafa fjárfestingartekjur numið 10.122 m.kr. og er 75% af vexti eigna á tímabilinu tilkominn vegna ávöxtunar.

Hrein eign til greiðslu lífeyris  
(ma.kr.)



Fjárfestingartekjur  
(ma.kr.)





## Verðbréf og ávöxtun


### Fjárfestingarleiðir

Sjóðfélagar í Séreign geta valið á milli Leiðar I, Leiðar II, Leiðar III og Sérleiðar. Leið I er hlutabréfaleið og sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar. Leið II leggur meiri áherslu á skuldabréf en Leið I og er að jafnaði með minni sveiflur í ávöxtun. Leið III er innlánsleið og eignir eru ávaxtaðar á verðtryggðum innlánsreikningum. Velji sjóðfélagi eina af leiðunum þremur helst sú fjárfestingarleið óbreytt en í Sérleið færast inneign sjálfkrafa milli leiða eftir aldri og áhættuvali.

### Verðbréfaeign

Í árslok 2020 nam verðbréfaeign Séreignar 22,1 ma.kr. Það er hækkun um 2,6 ma.kr. frá fyrra ári eða 13,2%. Verðbréfaeignin í árslok skiptist samkvæmt meðfylgjandi töflum sem sýna jafnframt fjárfestingarstefnur fjárfestingarleiðanna fyrir árið 2020.

### Fjárfestingarleiðir



### Hrein eign til greiðslu lífeyris

(m.kr.)

Fjárfestingarleiðir	2020	2019
Leið I	10.001	8.702
Leið II	2.864	2.353
Leið III	9.212	8.435
<b>Samtals</b>	<b>22.077</b>	<b>19.490</b>

**Leið I**

Nafnávöxtun Leiðar I á árinu 2020 var 17,3% sem samsvarar 13,4% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun ársins, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var 13,3% en var 18,1% á árinu 2019.

**Ávöxtun ársins**

	Nafnávöxtun	Hrein raunávöxtun
<b>Leið I</b>	<b>17,3%</b>	<b>13,3%</b>
Leið II	12,1%	8,3%
Leið III	4,2%	0,6%

**Verðbréfaeign Leiðar I**

(m.kr.)

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
A.a. Skuldabréf með ríkisábyrgð	456	4,6%	5%	0–15%
A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0	0,0%	0%	0–0%
B.a. Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	118	1,2%	2%	0–10%
B.b. Innlán	138	1,4%	2%	0–10%
B.c. Sértryggð skuldabréf	52	0,5%	2%	0–5%
C.a. Skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	0	0,0%	0%	0–5%
C.b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	6.276	62,8%	70%	40–90%
D.a. Skuldabréf fyrirtækja	0	0,0%	0%	0–5%
D.b. Skuldabréf sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0	0,0%	0%	0–0%
E.a. Hlutabréf	1.688	16,9%	0%	0–20%
E.b. Hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu	1.264	12,6%	19%	0–35%
E.c. Fasteignir	0	0,0%	0%	0–0%
F.a. Afleiður	4	0,0%	0%	0–1%
F.b. Aðrir fjármálagerningar	0	0,0%	0%	0–0%
<b>Verðbréfaeign alls</b>	<b>9.997</b>	<b>100,0%</b>		



**Leið II**

Nafnávöxtun Leiðar II á árinu 2020 var 12,1% sem samsvarar 8,3% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun ársins, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var jafnframt 8,3% en var 12,3% á árinu 2019.

**Ávöxtun ársins**

	Nafnávöxtun	Hrein raunávöxtun
Leið I	17,3%	13,3%
<b>Leið II</b>	<b>12,1%</b>	<b>8,3%</b>
Leið III	4,2%	0,6%

**Verðbréfaeign Leiðar II**

(m.kr.)

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
A.a. Skuldabréf með ríkisábyrgð	228	8,0%	8%	0–15%
A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0	0,0%	0%	0–0%
B.a. Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	108	3,8%	5%	0–10%
B.b. Innlán	139	4,9%	2%	0–10%
B.c. Sértryggð skuldabréf	120	4,2%	5%	0–10%
C.a. Skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	0	0,0%	2%	0–5%
C.b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	1.267	44,3%	50%	20–80%
D.a. Skuldabréf fyrirtækja	0	0,0%	2%	0–5%
D.b. Skuldabréf sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0	0,0%	0%	0–0%
E.a. Hlutabréf	253	8,9%	0%	0–20%
E.b. Hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu	746	26,1%	26%	0–45%
E.c. Fasteignir	0	0,0%	0%	0–0%
F.a. Afleiður	1	0,0%	0%	0–1%
F.b. Aðrir fjármálagerningar	0	0,0%	0%	0–0%
<b>Verðbréfaeign alls</b>	<b>2.862</b>	<b>100,0%</b>		

**Leið III**

Nafnávöxtun Leiðar III á árinu 2020 var 4,2% sem samsvarar 0,7% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun ársins, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var 0,6% en var 1,6% á árinu 2019.

**Ávöxtun ársins**

	Nafnávöxtun	Hrein raunávöxtun
Leið I	17,3%	13,3%
Leið II	12,1%	8,3%
<b>Leið III</b>	<b>4,2%</b>	<b>0,6%</b>

**Verðbréfaeign Leiðar III**

(m.kr.)

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
A.a. Skuldabréf með ríkisábyrgð	0			
A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0			
B.a. Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	0			
B.b. Innlán	9.197	100%	100%	0–100%
B.c. Sértryggð skuldabréf	0			
C.a. Skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	0			
C.b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	0			
D.a. Skuldabréf fyrirtækja	0			
D.b. Skuldabréf sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0			
E.a. Hlutabréf	0			
E.b. Hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0			
E.c. Fasteignir	0			
F.a. Afleiður	0			
F.b. Aðrir fjármálagerningar	0			
<b>Verðbréfaeign alls</b>	<b>9.197</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>	



## Iðgjöld og lífeyrir

Séreignarsparnaður er val hvers og eins launþega. Séreignarsparnaður er bein launahækkun með mótframlagi launagreiðanda, allt að 2%. Iðgjald í séreignarlífeyrissjóð er ekki skattlagt við innborgun og myndast því skattalegt hagræði með skattfrestun. Ekki er greiddur fjármagnstekjuskattur á meðan sparnaðurinn er ávaxtaður en tekju-skattur er síðan greiddur við útborgun.


Hægt er að ráðstafa séreignarsparnaði skattfrjálst inn á húsnæðislán og eru þar þrens konar úrræði í boði. Séreign inn á lán, húsnæðis-sparnaður og stuðningur við fyrstu kaup. Núverandi reglur um séreign til fasteignakaupa gilda til loka júní 2021.

Á árinu 2020 námu iðgjaldagreiðslur til Séreignar 1.617 m.kr. en þar af var 441 m.kr. ráðstafað sem greiðslu inn á úrræði vegna fasteignakaupa. Iðgjaldatekjur námu 1.175 m.kr. og hækkuðu um 6,9% á milli ára. Fjöldi greiðandi sjóðfélaga var 3.014 í lok árs.


### Iðgjöld og fjöldatölur

	2020	2019	Breyting
Iðgjöld í m.kr.	1.175	1.099	6,9%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	3.014	3.003	0,4%
Fjöldi með réttindi í árslok	7.432	7.368	0,9%

### Iðgjöld (m.kr.)



### Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga




Meðalaldur virkra sjóðfélaga var 55 ár í árslok 2020 og voru 67% af þeim konur og 33% karlar.


Séreignarlífeyrir er laus til útgreiðslu þegar sjóðfélagi hefur náð 60 ára aldri. Sjóðfélaginn ræður þá sjálfur hvort sparnaðurinn er greiddur út í einu lagi eða dreift yfir lengri tíma. Við fráfall sjóðfélaga erfist séreignarsparnaður að fullu samkvæmt reglum erfðalaga.

Útborgun séreignarlífeyris hækkaði um 17,9% á milli ára og námu greiðslurnar 706 m.kr. á árinu 2020. Þar af voru 170 m.kr. vegna sérstakrar úttektarheimildar í kjölfar COVID-19. Alls fengu 603 sjóðfélagar greiðslur úr Séreign á árinu 2020 og af þeim voru 162 sem nýttu sér sérstaka heimild til úttektar vegna faraldursins.

### Lífeyrisgreiðslur (m.kr.)



### Meðalfjöldi lífeyrisþega





Lífeyrisgreiðslur	(m.kr.)		
	2020	2019	Breyting
Séreignarlífeyrir	536	599	-10,5%
Aukagreiðsla vegna COVID-19	170	0	-
<b>Samtals</b>	<b>706</b>	<b>599</b>	<b>17,9%</b>

#### Fjöldi lífeyrisþega

	2020	2019	Breyting
Séreignarlífeyrir	441	477	-7,5%
Aukagreiðsla vegna COVID-19	162	0	-
<b>Samtals</b>	<b>603</b>	<b>477</b>	<b>26,4%</b>

#### Meðalfjárhæð lífeyris

	(þús.kr.)		
	2020	2019	Breyting
Séreignarlífeyrir	1.215	1.255	-3,2%
Aukagreiðsla vegna COVID-19	1.051	0	-
<b>Samtals</b>	<b>1.171</b>	<b>1.255</b>	<b>-6,7%</b>





# Starfsemi






## Starfsfólk

Í lok árs 2020 störfuðu 56 starfsmenn hjá LSR í 54,6 stöðugildum. Hjá LSR starfar fjölbreyttur hópur fólks hvort sem litið er til menntunar, þekkingar eða aldurs. Mikil þekking og starfsreynsla er á meðal starfsmanna en meðalaldur þeirra er 46 ár og meðalstarfsaldur 9 ár.


Sjóðurinn hefur sett sér starfsmannastefnu. Markmið hennar er m.a. að hlúa að mannauði sjóðsins, laða til starfa hæfa einstaklinga og gefa þeim tækifæri til að nýta kunnáttu sína og frumkvæði í þágu sjóðfélaga. Stefnunni er jafnframt ætlað að vera hvatning fyrir starfsmenn og stjórnendur til að skapa faglegt, krefjandi, skemmtilegt og fjölskylduvænt vinnuumhverfi.

Gildi sem starfsmenn LSR hafa tileinkað sér eru virðing, vilji og ánægja. Með þau gildi að leiðarljósi vinna starfsmenn að markmiði og stefnu lífeyrissjóðsins. Jafnframt er mikilvægt að samfélagslegt hlutverk lífeyrissjóðsins sé haft að leiðarljósi í allri starfsemi hans.

### Aldur starfsfólks



### Starfsaldur





Sjóðurinn vinnur samkvæmt eigin jafnréttisáætlun og starfar í samræmi við lög um jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.


Stuðlað er að heilsuvernd starfsmanna með skipulegum hætti, m.a. með reglulegri heilsufarsmælingu ásamt yfirferð á vinnuaðstöðu. Á hverju ári hefur maí sérstaklega verið tileinkaður heilsu þar sem m.a. er boðið upp á heilsutengda viðburði og fræðslu. Starfsmenn eru hvattir til þess að nýta umhverfisvænan ferðamáta allan ársins hring til og frá vinnu og er aðstaðan til þess góð hjá sjóðnum.





Nýtt skipurit tók gildi þann 1. október 2020 og eru fagsviðin nú þrjú: eignastýring, lánasvið og lífeyrissvið. Stoðsviðin eru tvö: fjármálasvið og nýtt svið, stafræn þróun og rekstur, sem ætlað er að styðja við upplýsingatækni og stafræna þróun innan sjóðsins. Svið áhættustýringar heyrir beint undir framkvæmdastjóra og er óháð öðrum starfseiningum sjóðsins.

Heimfaraldurinn COVID-19 setti mark sitt á starfsemina á árinu en starfsmenn voru að stórum hluta ársins í fjarvinnu vegna samkomutakmarkana. Loka þurfti skrifstofu sjóðsins tímabundið sökum faraldursins. Með því að laga starfsemina að breyttum aðstæðum tókst með góðum árangri að halda henni gangandi. Má þar nefna greiðslu lífeyris, móttöku iðgjalda, lánveitingu og alla þá upplýsingagjöf og almenna þjónustu sem sjóðurinn leggur áherslu á og ber að veita sjóðfélögum sínum.



## Stjórn

Stjórn LSR er skipuð átta stjórnarmönnum. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar fjóra, stjórn BSRB skipar tvo, stjórn BHM skipar einn og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Alls kom stjórnin 22 sinnum saman til formlegra fundarhalda á liðnu ári.

Á árinu 2020 var Gunnar Björnsson formaður stjórnar en í ársbyrjun 2021 tók Árne Stefán Jónsson við formennskunni. Í árslok 2020 lét Gunnar af störfum sem stjórnarmaður hjá LSR eftir 21 farsælt ár en þar af var hann formaður stjórnar í þrjú ár. Gunnari eru hér með þakkað fyrir sín störf jafnt í þágu sjóðfélaga, launagreiðenda og við að móta stefnu og starfsemi LSR í rúma tvo áratugi.

Stjórn sjóðsins er kjörin til þriggja ára í senn og starfar hún út árið 2023. Stjórn LSR ber ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög og reglur.

Endurskoðun ársreikninga LSR er í höndum Ernst & Young og PWC sér um innri endurskoðun sjóðsins.

## Stjórn LSR

Árne Stefán Jónsson  
Formaður

Guðrún Ögmundsdóttir  
Varaformaður

Áslaug María Friðriksdóttir  
Stjórnarmaður

Guðmundur Árnason  
Stjórnarmaður

Ragnar Þór Pétursson  
Stjórnarmaður

Unnur Pétursdóttir  
Stjórnarmaður

Viðar Helgason  
Stjórnarmaður

Þórveig Þormóðsdóttir  
Stjórnarmaður



Árne Stefán Jónsson  
Formaður



Áslaug María Friðriksdóttir  
Stjórnarmaður



Guðmundur Árnason  
Stjórnarmaður



Ragnar Þór Pétursson  
Stjórnarmaður



Unnur Pétursdóttir  
Stjórnarmaður



Viðar Helgason  
Stjórnarmaður



Þórveig Þormóðsdóttir  
Stjórnarmaður

\*Mynd vantar af Guðrúnu Ögmundsdóttur, varaformanni



## Stjórnarháttayfirlýsing

Með góðum stjórnarháttum í starfsemi LSR er lagður grunnur að traustum samskiptum stjórnenda og starfsmanna sjóðsins við sjóðfélaga, launagreiðendur sem greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína og ábyrgðaraðila sjóðsins. Með góðum stjórnarháttum er stuðlað að gagnsæi í starfsemi sjóðsins. Við mótun stjórnarháttanna hafa stjórnendur og stjórn sjóðsins haft til hliðsjónar almennt viðurkennd sjónarmið og leiðbeiningar um góða stjórnarhætti fyrirtækja.

Í stefnuyfirlýsingu sjóðsins segir: LSR tileinkar sér ábyrga starfshætti, með vönduð vinnubrögð, fagmennsku og frumkvæði að leiðarljósi. Sjóðurinn leggur áherslu á fyrirmyndarþjónustu og öfluga upplýsingatækni. Þannig verður LSR traustur lífeyrissjóður og sjóðfélögum örugg samfylgd.

### Hlutverk

Hlutverk sjóðsins felst m.a. í því að taka á móti iðgjöldum, varðveita upplýsingar um réttindi sjóðfélaga og greiða sjóðfélögum lífeyri. Einnig tryggir LSR sjóðfélaga fyrir tekjumissi í kjölfar örorku og stuðlar að fjárhagslegu öryggi maka og barna við andlát sjóðfélaga. Sjóðnum ber að ávaxta fjármuni sjóðsins með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi að teknu tilliti til fjárfestingarstefnu sjóðsins og áhættu.

## Starfsemi

LSR starfar samkvæmt lögum um sjóðinn nr. 1/1997, samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktum sem settar hafa verið um starfsemi sjóðsins og öðrum reglum sem um lífeyrissjóði gilda.

Stjórn sjóðsins er skipuð átta einstaklingum og hefur hún sett sér starfsreglur. Í starfsreglunum er fjallað um starfsemi, skipan og verksvið stjórnar. Í starfsreglunum er m.a. litið til samþykktar sjóðsins og laga nr. 129/1997, sérstaklega til þeirra ákvæða er lúta að stjórnarháttum lífeyrissjóða og hæfi stjórnarmanna. Þá hefur stjórnin sett reglur um hæfi lykilstarfsmanna, sett siða- og samskiptareglur og sett reglur um lánveitingar til sjóðfélaga. Þessar reglur eru aðgengilegar á vef sjóðsins ásamt upplýsingum um stjórn. Þá hefur stjórn LSR m.a. samþykkt fjárfestingarstefnu, hluthafastefnu og áhættustefnu fyrir sjóðinn.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar.

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar og er hún skipuð til eins árs í senn. Hún starfar í samræmi við IX. kafla laga um ársreikninga nr. 3/2006. Nefndin hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, tilhögun innra eftirlits og aðferðum við áhættumat í því skyni að auka trúverðugleika í starfsemi sjóðsins. Önnur undirnefnd stjórnar er starfsnefnd en hún fjallar um vafamál sem upp kunna að koma varðandi röðun lífeyrisþega í launaflokka.

Stjórnarháttayfirlýsingu LSR má finna á vef sjóðsins.

## Starfskjarastefna

Starfskjarastefnu LSR er ætlað að styðja við traustan rekstur og markmið sjóðsins um ábyrga starfshætti og vönduð vinnubrögð þar sem fagmennska er höfð að leiðarljósi.

Það er stefna sjóðsins að bjóða stjórnarmönnum og starfsmönnum upp á samkeppnishæf laun sem eru sambærileg við það sem gengur og gerist í starfsumhverfi hans og í samræmi við ábyrgð og umsvif lífeyrissjóðsins.

Starfskjarastefnu LSR er þannig ætlað að styðja við að lífeyrissjóðurinn verði eftirsóknarverður vinnustaður skipaður hæfu starfsfólki. Laun starfsmanna og stjórnar LSR eru ekki afkomutengd og viðurkennd jafnréttis- og jafnlaunasjónarmið skulu höfð að leiðarljósi við ákvörðun launa og starfskjara.

Nánar um starfskjarastefnu sjóðsins má finna á vef LSR.



## Áhættustefna

Meginmarkmið með áhættustefnu sjóðsins er að skilgreina áhættu, áhættueftirlit og áhættuvilja. Með áhættustefnunni er m.a. stuðlað að því að sjóðurinn nái settum markmiðum í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum ásamt því að gæta þess að lögum, reglum settum á grundvelli þeirra, samþykktum sjóðsins og öðrum innri reglum sé framfylgt.

Áhættustefnan byggir á reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Hún byggir jafnframt á lögum og reglugerðum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sérlögum sem gilda um LSR ásamt reglugerð um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar. Innri og ytri endurskoðendur auk endurskoðunarnefndar sjóðsins gegna mikilvægu hlutverki í að tryggja gæði áhættustýringar.

## Samspil við fjárfestingarstefnu

Fjárfestingarstefna sjóðsins gegnir mikilvægu hlutverki við áhættustýringu hans. Þar er m.a. markaður rammi fyrir ráðstöfun fjármuna sjóðsins eftir eignaflokkum og takmarkanir á mótaðilaáhættu. Sjóðurinn leitast við að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu.

## Áhættueftirlit

Stjórn sjóðsins ber endanlega ábyrgð á að fullnægjandi áhættueftirlit sé til staðar en framkvæmdastjóri og forstöðumaður áhættustýringar sjá um framkvæmd þess fyrir hönd stjórnarinnar. Áhættueftirlit er umtalsverður hluti áhættustýringar. Forstöðumaður áhættustýringar hefur yfirumsjón með áhættueftirliti en sjálf framkvæmdin dreifist á starfsfólk sjóðsins eftir ábyrgðarsviði hvers og eins. Formlegt áhættueftirlit er að stærstum hluta framkvæmt með skilgreindum og tímasettum áhættueftirlitsaðgerðum en einnig er hluta eftirlits fullnægt með gæðaeftirliti, verkferlum og öryggisstjórnkerfi sjóðsins. Áhættueftirlitið er endurskoðað eins oft og þurfa þykir en þó ekki sjaldnar en árlega.

Áhættustefnan er aðgengileg á vef sjóðsins.

## Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefnur deilda LSR byggja á lögum nr. 129/1997 og reglugerð nr. 916/2009, með síðari breytingum. Þær eru settar til fimm ára í senn og núgildandi stefnur miða við að markmiði um eignasamsetningu sé náð eigi síðar en í lok árs 2025. Engu að síður tekur stjórn LSR fjárfestingarstefnur til athugunar a.m.k. einu sinni á ári og gerir á þeim breytingar telji hún þess þörf. Við þá endurskoðun er tekið tillit til aðstæðna á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum sem og eignasamsetningar sjóðsins á hverjum tíma. Jafnframt er tekið tillit til breytinga sem kunna að hafa orðið á rekstrar- og starfsumhverfi sjóðsins. Fyrir upphaf hvers árs gerir stjórn LSR áætlun um fjárfestingar ársins. Fjárfestingaráætlunin byggir á gildandi fjárfestingarstefnu og tekur mið af eignasamsetningu, stöðu sjóðsins, horfum og fjárfestingartækifærum á verðbréfamörkuðum. Við gerð áætlana er tekið tillit til iðgjalda, lífeyris, fjármagnstekna og endurgreiðslna af verðbréfaeign sjóðsins.

### Markmið og viðmið

Í fjárfestingarstefnum LSR eru tilgreindar megináherslur sem unnið er eftir við ávöxtun á fjármunum sjóðsins. Þær miða að því að tryggja góða ávöxtun til lengri tíma en jafnframt að takmarka áhættu eftir því sem kostur er. Leitast er við að ná þessu með því að ákveða eignasamsetningu samkvæmt fyrir fram mótaðri fjárfestingarstefnu, tryggja eignir sem best og vanda til allra ákvarðana um fjár-

festingar og vörslu á eignum sjóðsins. Allar fjárfestingaákvarðanir sjóðsins skulu taka mið af fjárfestingarstefnu, hluthafastefnu og stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar sem og innri reglum sjóðsins er varða fjárfestingarheimildir. Í fjárfestingarstefnu er greint frá þáttum á borð við ávöxtunar- og áhættuviðmið og hvaða áhættumælikvarðar eru notaðir í reglulegri vöktun á eignasafni. Einnig eru skilgreind vikmörk í einstökum eignaflokkum ásamt öðrum takmörkunum og viðmiðum sem sjóðnum hafa verið sett.

### Ólíkar deildir

Fjárfestingarstefnur A- og B-deildar eru mismunandi, m.a. vegna ólíks greiðsluflæðis. Einungis A-deild tekur við nýjum sjóðfélögum en B-deild var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum í ársbyrjun 1997. Það veldur því að hlutfall iðgjalda af ráðstöfunarfé B-deildar fer minnkandi á meðan hlutfall lífeyrisgreiðslna fer vaxandi og mun svo verða um ókomna tíð. Markmið og vikmörk eignasamsetningar fyrir A-deild og B-deild eru því mismunandi og taka mið af þessu ólíka formi. Að auki býður Séreign upp á þrjár fjárfestingarleiðir, Leið I, Leið II og Leið III, sem allar hafa sína fjárfestingarstefnu. Nánari upplýsingar um fjárfestingarstefnur LSR má finna á vef sjóðsins og samanburð eigna og fjárfestingarstefnu einstakra deilda LSR má finna í umfjöllun um hverja deild hér í ársskýrslunni.



## Hluthafastefna

LSR er langtímafjárfestir sem leitast við að ná góðri ávöxtun á fjárfestingar sínar en jafnframt að vera ábyrgur hluthafi sem stuðlar að framþróun starfshátta á hlutabréfamarkaði. LSR gerir kröfu til þess að fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í sýni ábyrgð gagnvart samfélagslegum gildum og umhverfinu og að starfað sé í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Við mat á starfsháttum fyrirtækja horfir sjóðurinn m.a. til aðstæðna á markaði, laga og almennt viðurkenndra reglna og gilda. Við mat á virkni LSR sem fjárfestis er m.a. litið til eignarhlutdeildar, fjárhæðar og samkeppnisumhverfis.

### Val á stjórnarmönnum og kröfur til þeirra

Stjórn LSR metur í hverju tilviki fyrir sig hvort gerð verði tillaga um stjórnarmann fyrir hluthafafund þar sem kosning stjórnar fer fram. Ákveði LSR að gera tillögu um stjórnarmann í fyrirtækjum sem sjóðurinn á eignarhlut í er valnefnd sjóðsins falið það hlutverk að leggja tillögu fyrir stjórn sem tekur ákvörðun um hvaða einstakling sjóðurinn styður til stjórnarsetu í viðkomandi fyrirtæki. Valnefnd samanstendur af tveimur stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og forstöðumanni eignastýringar.

Framkvæmdastjóri skal kynna hluthafastefnu sjóðsins fyrir þeim einstaklingum sem fyrirhugað er að gera tillögu um til stjórnarsetu í fyrirtækjum til að ganga úr skugga um hvort þeir telji sig geta starfað í anda stefnunnar. Upplýsingar um meðferð LSR á atkvæðisrétti á hluthafafundum, m.a. um það hvernig fulltrúar sjóðsins hafa greitt atkvæði í stjórnarkjöri, skulu jafnframt birtar reglulega á vef sjóðsins.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri LSR skulu ekki taka sæti í stjórnnum fyrirtækja í umboði sjóðsins eða sem sjóðurinn fjárfestir í. Starfsmenn sjóðsins geta tekið sæti í stjórnnum, fjárfestingarráðum og ráðgjafaráðum fyrirtækja sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins eða fyrirtækjum sem sjóðurinn á hlut í og hafa eingöngu fjárvörslu og fjármálaumsýslu að markmiði.

LSR gerir kröfu um að stjórnarmenn í fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir í sinni stjórnarstarfi sínu af heilindum, kostgæfni og í samræmi við góða stjórnarhætti. Stjórnarmenn skulu taka virkan þátt í stjórnarstörfum og vera sjálfstæðir í störfum sínum.

Samsetning stjórnar ætti að taka mið af starfsemi og stefnu viðkomandi fyrirtækis og bera með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, þekkingu og reynslu stjórnarmanna. Við kosningu stjórnarmanna er m.a. litið til þess að kynjahlutföll séu í samræmi við löggjöf og að stjórnarmenn hafi ekki sýnt af sér hegðun sem kann að rýra traust og trúverðugleika þeirra.

## Stjórnarhættir og upplýsingagjöf

LSR leggur ríka áherslu á að stjórn viðkomandi fyrirtækis starfi í samræmi við góða stjórnarhætti m.a. með því að haga störfum sínum í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, setja sér starfsreglur, skilgreina valdheimildir forstjóra/framkvæmdastjóra, meta eigin störf með árangursmati og birta árlega upplýsingar um stjórnarhætti sína.

LSR leggur áherslu á skipulega og góða upplýsingagjöf fyrirtækja til hluthafa, hvort heldur sem er með opinberum tilkynningum, á hluthafafundum, vef sjóðsins eða með öðrum hætti.

## Samkeppnissjónarmið

LSR leggur áherslu á að fjárfestingar- og hluthafastefna sjóðsins stuðli að virkum samkeppnismarkaði. Til að tryggja sjálfstæði fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í skal sjóðurinn ekki hafa áhrif á stefnumótun þeirra umfram það sem á sér stað á hluthafafundum. LSR styður ekki framboð sama stjórnarmanns til setu í stjórn tveggja fyrirtækja innan sömu atvinnugreinar.

## Starfskjör stjórnar og stjórnenda

LSR telur að við ákvörðun um starfskjör stjórnarmanna og stjórnenda eigi að gæta hófs og m.a. líta til stærðar og umfangs fyrirtækisins auk þeirra starfskjara sem ætla má að bjóðist almennt á þeim markaði sem fyrirtækið starfar á. Sjóðurinn gerir kröfu um að starfskjarastefna viðkomandi fyrirtækis uppfylli kröfur hlutafélagalaga og taki mið af viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eins og við á.

LSR telur að við ákvörðun starfskjara ætti m.a. að stuðla að langtímahagsmunum hluthafa, hafa skýran rekstrarlegan tilgang og ekki að hvetja til óhóflegrar áhættutöku. Ef um kaupaukagreiðslur eða kaupréttarsamninga er að ræða skulu hluthafar upplýstir um forsendur og rök fyrir slíkum greiðslum.

LSR hefur ekki afskipti af stjórnarstörfum einstaklinga eftir að þeir hafa verið kosnir í stjórn þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í. Komi til samskipta við stjórn eða stjórnendur fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í skulu þau fara fram í samræmi við reglur viðkomandi fyrirtækis. Gæta þarf þess að slík samskipti séu í samræmi við reglur um meðferð innherjaupplýsinga og ákvæði samkeppnislaga.

Nánari upplýsingar um hluthafastefnu LSR má finna á vef sjóðsins.



## Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að litið sé til umhverfislegra og félagslegra þátta auk stjórnarháttanna við mat, ákvörðun og eftirfylgni fjárfestinga LSR. Í stefnu LSR um ábyrgar fjárfestingar eru tilgreind þrjú grunnviðmið sjóðsins. Í fyrsta lagi er LSR langtímafjárfestir sem leitast við að ná góðri langtímaávöxtun á fjárfestingar sínar m.a. með því að sýna samfélagsábyrgð við mat á fjárfestingum. Í öðru lagi rækir sjóðurinn umboðsskyldu sína og hefur hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Í þriðja lagi leitast sjóðurinn við að þau félög sem fjárfest er í séu sjálfbær í rekstri og stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda. Það samræmist langtímahagsmunum sjóðsins, sjóðfélaga og samfélagsins í heild.

### LSR sem ábyrgur fjárfestir

LSR hefur skrifað undir viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN PRI) og þar með hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að horfa til framangreindra þátta við mat og ákvarðanir á fjárfestingum. LSR er meðal stofnaðila IcelandSIF en tilgangur þeirra samtaka er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga og auka umræðu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

Sem ábyrgur fjárfestir leitast LSR við að byggja upp þekkingu og getu stjórnar og starfsmanna til að samþætta umhverfislega og félagslega þætti sem og stjórnarhætti inn í greiningar og fjárfestingaákvörðanir. Í krafti eignarhalds og fjárfestinga vill sjóðurinn reyna að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif á fyrirtæki og fjármálamarkað og draga þannig úr samfélagslegri áhættu.

### Aðferðafræði

LSR tileinkar sér ábyrga starfshætti og leggur áherslu á vönduð vinnubrögð, fagmennsku og frumkvæði. Fjárfestingar LSR skulu vera með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi að teknu tilliti til viðeigandi áhættu, þar með talið langtíma-áhættu sem getur falist í umhverfisáhættu, félagslegri áhættu og áhættu tengdri stjórnarháttum.

LSR hvetur fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í og rekstrarfélög fyrir hönd þeirra sjóða sem þau starfrækja til að sýna gagnsæi þegar kemur að umhverfislegum og félagslegum þáttum auk stjórnarháttanna og skýra frá því, svo sem í ársskýrslu, samfélagsskýrslu eða á sambærilegan máta, hvernig starfsemi fyrirtækisins tengist almennt viðurkenndum viðmiðum á þessu sviði. Dæmi um slík viðmið eru t.d. heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, ESG-viðmið Kauphallarinnar og leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Í hluthafastefnu LSR er lögð áhersla á góða stjórnarhætti þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í beint. LSR leggur jafnframt áherslu á að tekið sé tillit til umhverfislegra og félagslegra þátta sem og stjórnarháttanna í rekstri óskráðra fyrirtækja og sjóða. Þó þurfi að taka tillit til aðstæðna fyrirtækja, samfélagsáhrifa og áhættu í sambandi við stærð þeirra og þeirra áhrifa sem starfsemin kann að hafa.

Sé um að ræða fjárfestingar í gegnum þriðja aðila leggur LSR áherslu á að innlendir og erlendir samstarfsaðilar hafi sett sér virka stefnu í umhverfislegum þáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum og geti sýnt með greinargóðum hætti hvort og hvernig sé unnið eftir þeirri stefnu við mat og eftirfylgni fjárfestinga. Stefnu LSR um ábyrgar fjárfestingar má finna í heild sinni á vef sjóðsins.



# Ársreikningar

 [A-deild](#)

 [B-deild](#)

 [Séreign](#)

# Annual Report






## Overview

### Role of the fund

The role of LSR is to pay pensions to its members upon retirement and throughout their lives and to ensure their families with a pension following a loss of income due to an impaired ability to work or due to death. The fund receives premiums and invests them in order to meet the liability regarding old-age pension, disability pension, spouse's pension and children's allowance. Furthermore, the fund grants loans against a mortgage to fund members and accepts and invests voluntary pension savings.

In 2019, LSR had a total of 32,837 active members and 27,093 members received pensions and other benefits. The fund pays over one-third of all pensions and benefits paid by Icelandic pension funds. LSR operates in three divisions, division A, division B and division S, which is a division for voluntary pension savings. All divisions have the same board but are financially independent.

### Assets



### Assets

m. ISK

	<b>Total</b>
<b>Government bonds</b>	228,314
<b>Mortgage bonds</b>	130,647
<b>Municipal bonds</b>	29,770
<b>Cash and deposits</b>	56,133
<b>Covered bonds</b>	39,762
<b>Financial Institution bonds</b>	6,568
<b>UCITS funds</b>	345,464
<b>Corporate bonds</b>	64,766
<b>Bonds issued by other funds for collective investment</b>	13,716
<b>Equities</b>	173,579
<b>Shares issued by other funds for collective investment</b>	77,658
<b>Real Estate</b>	0
<b>Derivatives</b>	355
<b>Total</b>	<b>1,166,731</b>

Net investments	m. ISK
	<b>Total</b>
Government bonds	5,456
Mortgage bonds	(3,156)
Municipal bonds	6,104
Covered bonds	12,051
Financial Institution bonds	3,051
UCITS funds	(4,271)
Corporate bonds	10,055
Bonds issued by other funds for collective investment	784
Equities	3,515
Shares issued by other funds for collective investment	13,025
<b>Total</b>	<b>46,614</b>

### Return

	2020	2019
Nominal return	14.9%	16.6%
Net real return	10.9%	13.4%
Average five year net real return	6.4%	5.6%
Average ten year net real return	6.5%	5.6%

 [The annual account](#)